

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 125/2001

frá 23. nóvember 2001

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2001 frá 26. október 2001⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/280/EB frá 30. mars 2000 um breytingu á ákvörðunum 93/24/EBE og 93/244/EBE og um viðbótarábyrgðir vegna Aujeszky-veiki í svínunum sem senda á til héraða í Frakklandi og Þýskalandi sem eru laus við sjúkdóminn⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/330/EB frá 18. apríl 2000 um að samþykkja prófanir til að greina mótefni gegn öldusótt í nautgripum innan ramma tilskipunar ráðsins 64/432/EBE⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/442/EB frá 11. júlí 2000 um aðra breytingu á ákvörðunum 1999/466/EB og 1999/467/EB um að staðfesta opinberlega að eftir því sem við á séu nautgripahjarðir í tilteknum aðildarríkjum eða tilteknum héruðum aðildarríkja lausar við öldusótt og lausar við berkla⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/15/EB frá 10. apríl 2000 um breytingu á tilskipun ráðsins 64/432/EBE um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan bandalagsins með nautgripi og svín⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 322, 6.12.2001, bls. 6 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 60, 6.12.2001, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 92, 13.4.2000, bls. 24.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 114, 13.5.2000, bls. 37.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 176, 15.7.2000, bls. 51.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 105, 3.5.2000, bls. 34.

- 6) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/20/EB frá 16. maí 2000 um breytingu á tilskipun ráðsins 64/432/EBE um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan bandalagsins með nautgripi og svín⁽⁶⁾ skal felld inn í samninginn.
- 7) Ákvörðun þessi gildir hvorki um Ísland né Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Hluta 4.1 og 4.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 64/432/EBE) í hluta 4.1:
 - „- **32000 L 0015**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/15/EB frá 10. apríl 2000 (Stjtið. EB L 105, 3.5.2000, bls. 34),
 - **32000 L 0020**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/20/EB frá 16. maí 2000 (Stjtið. EB L 163, 4.7.2000, bls. 35).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 9. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/24/EBE) og 19. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/244/EBE) í hluta 4.2:
 - „- **32000 D 0280**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/280/EB frá 30. mars 2000 (Stjtið. EB L 92, 13.4.2000, bls. 24).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 45. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/467/EB) og 46. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/466/EB) í hluta 4.2:
 - „- **32000 D 0442**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/442/EB frá 11. júlí 2000 (Stjtið. EB L 176, 15.7.2000, bls. 51).“
4. Eftirfarandi liður komi aftan við 54. lið (ákvörðun ráðsins 2000/258/EB) í hluta 4.2:
 - „- 55. **32000 D 0330**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/330/EB frá 18. apríl 2000 um að samþykkja prófanir til að greina mótefni gegn öldusótt í nautgripum innan ramma tilskipunar ráðsins 64/432/EBE (Stjtið. EB L 114, 13.5.2000, bls. 37).“

2. gr.

Texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2000/280/EB, 2000/330/EB, 2000/442/EB og tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins 2000/15/EB og 2000/20/EB á norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 163, 4.7.2000, bls. 35.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. nóvember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 23. nóvember 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.